



# CASP2021

Samræmd starfsemi  
um öryggi vöru



Ömmustólar og  
rólur



Lokaskýrsla

# Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| Efnisyfirlit  | 2         |
| Listi yfir skammstafanir  | 2         |
| Samantekt á framkvæmd   | 3         |
| <b>Hluti 1</b>  |           |
| <b>1. Yfirlit yfir aðgerðir</b>   | <b>4</b>  |
| 1.1 Markaðseftirlitsyfirvöld sem tóku þátt                                | 4         |
| 1.2 Vöruúrtak og prófunarkröfur   | 5         |
| 1.2.1 Vöruúrtak   | 5         |
| 1.2.2 Prófunarkröfur  | 5         |
| <b>2. Úrtak og prófun</b>   | <b>6</b>  |
| 2.1 Úrtaksdreifing  | 6         |
| 2.2 Prófunarferli   | 7         |
| <b>3. Niðurstöður prófana</b>   | <b>8</b>  |
| 3.1 Yfirlit yfir niðurstöður prófanna og helstu útkomur                   | 8         |
| 3.2 Niðurstöður eftir vöruhegund  | 9         |
| 3.3 Niðurstöður eftir sölurásam   | 10        |
| 3.4 Ályktanir prófunarniðurstaðna   | 10        |
| <b>4. Hættumat og ráðstafanir</b>   | <b>11</b> |
| 4.1 Niðurstöður hættumats   | 11        |
| 4.2 Úrbætur sem gerðar voru fyrir prófaðar vörur                          | 11        |
| <b>5. Niðurstöður og ráðleggingar</b>                                     | <b>12</b> |
| 5.1 Niðurstöður   | 12        |
| 5.2 Ráðleggingar fyrir hagsmunaaðila                                      | 13        |
| <b>Hluti 2</b>  |           |
| <b>1. Hvað er CASP?</b>   | <b>14</b> |
| Hlutverk og ábyrgð  | 14        |
| <b>2. Vinnuáætlun sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum</b>       | <b>15</b> |
| <b>3. Verkfæri og ferli sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum</b> | <b>16</b> |

## Listi yfir skammstafanir

| SKAMMSTÖFUN  | LÝSING   |
|--|--|
| CASP   | Samræmd starfsemi um öryggi vöru (CASP)  |
| DG JUST  | Stjórnarsvið réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni                           |
| EES  | Evrópska efnahagssvæðið  |
| EN   | Evrópustaðall  |
| EO   | Rekstraraðili  |
| ESB  | Evrópusambandið  |
| GPSD   | Almenn tilskipun um vöruöryggi (2001/95/EB)  |
| Leiðbeiningar Bandalagskerfisins um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX) | Ákvörðun (ESB) 2019/417  |
| MS   | Aðildarríki  |
| MSA  | Markaðseftirlitsyfirvald   |
| PSA  | Sértækar aðgerðir sem tengjast tilteknum vörum                                       |
| RAG  | Leiðbeiningar um áhættumat   |
| Öryggisgátt  | Tilkynningakerfi EES fyrir hættulegan vörur aðrar en matvætti, lækningavörur og lyf. |

# Samantekt á framkvæmd

## Markmið aðgerðanna

Samræmd starfsemi um öryggi vöru (CASP) gerir markaðseftirlitsyfirvöldum aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB)/Evrópska efnahagssvæðisins (EES) kleift að vinna saman til að efla öryggi vara sem settar eru á innri markað EES svæðisins. Markaðseftirlitsyfirvöld komu sér saman um að senda tvær tegundir barnavara til prófunar. Vörurnar voru valdar í samræmi við fyrir fram gefnar forsendur sem markaðseftirlitsyfirvöld höfðu og sendar á prófunarstofu til prófunarákveðið.

## Vöruúrtak

1. Ömmustólar
2. Rólur

## Helstu prófunarkröfur

Val á ákvæðum eftirfarandi evrópskra staðla (EN) voru innifalin í prófunaráætlunum:

- EN 12790:2009 – Barnavörur – Ömmustólar;
- EN 16232:2013 + A1:2018 – Barnavörur – Rólur.

Á prófunarstofunni voru framkvæmt bæði efnapróf og tæknileg próf. Markaðseftirlitsyfirvöld framkvæmdu mat á viðvörnum, merkingum og leiðbeiningum á sínu móðurmáli.

## Niðurstöður

- Alls 105 vörur voru prófaðar:
  - 68 ömmustólar
  - 37 rólur
- Í heildina stóðust 54 vörur eða 51% barnavaranna prófunarkröfur.
- Í heildina uppfylltu 49% varanna eða 51 ekki a.m.k. eina af prófunarkröfunum.
- Mun fleiri vörur stóðust ekki verklegar prófanir (48%) en efnaprófunum (2%).
- Prósentuhlutfall róla sem stóðust ekki prófanir (68%) var mun hærra en ömmustóla (38%).
- Alls uppfylltu 46% prófaðra vara ekki kröfur um viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar.

## Helstu ráðleggingar

### Fyrir neytendur

Gætið sérstaklega að viðvörnum og merkingum og fylgið leiðbeiningum vandlega eftir.


Tilkynnið um öll öryggisvandamál sem upp koma þegar vara er notuð og hafið auga með innköllunaraðgerðum.

Fjarlægjið allar umbúðir, m.a. plastpoka, merkimiða og annað sem tilheyrir ekki vörunni á viðeigandi hátt, en geymið leiðbeiningar. Tryggið að yngri börn leiki sér ekki með plastumbúðir þar sem þær geta valdið köfnun.

### Fyrir rekstraraðila

Gætið að eigin skyldum samkvæmt gildandi löggjöf.

Komið skýrt á framfæri innköllunum til neytenda



## Niðurstöður

Nánast helmingur prófaðra vara uppfyllti ekki lágmarkskröfur.

Niðurstöður prófanna benda til þess að þó svo að aðeins lítið magn vara hafi í för með sér efnafræðilegar áhættur, þá leiddu verkleg próf í ljós alvarlegar áhættur. Frekari aðgerða er þörf til að vernda neytendur innan ESB og stöðva markaðssetningu hættulegra vara á innri markaði ESB.

Áhættumót sem framkvæmd voru af markaðseftirlitsyfirvöldum sýndu fram á að 5 barnavörur hafði í för með sér alvarlega áhættu, 5 mikla áhættu og 9 meðalmikla áhættu.


Ein vara var innkölluð af markaði og 12 voru teknar af markaði.

# 1. Yfirlit yfir aðgerðir

## 1.1 Markaðseftirlitsyfirvöld sem tóku þátt

Allt í allt tóku 14 markaðseftirlitsyfirvöld frá 12 aðildarríkjum ESB og einu landi innan EES þátt í sértækum aðgerðum sem tengjast ömmustólum og ruggum, eins og sýnt er á myndinni hér fyrir neðan.

| LAND       | MARKAÐSEFTIRLITSYFIRVALD  |
|------------|---|
| Austurríki | Sambandsráðuneyti félagsmála, heilsu, umönnunar og neytendaverndar, deild III/A/2 - öryggi vara         |
| Belgía     | Ríkisskrifstofa efnahagsmála - Stjórnarsvið gæða og öryggis   |
| Búlgaría   | Neytendaverndarnefnd  |
| Danmörk    | Öryggisstofnun Danmerkur  |
| Frakkland  | Stjórnarsvið samkeppni, neytendamála og aðgerða gegn svikum<br>Stjórnarsvið tollamála og óbeinna skatta |
| Írland     | Samkeppnis- og neytendaverndarráð   |
| Ísland     | Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  |
| Krótía     | Ríkiseftirlitið   |
| Kýpur      | Neytendaverndarþjónustan  |
| Litháen    | Neytendaréttindastofnun   |
| Malta      | Samkeppnis- og neytendamálastofnun Möltu  |
| Portúgal   | Stjórnarsvið neytenda   |
| Tékkland   | Viðskiptaeftirlit Tékklands   |





## 1.2 Vöruúrtak og prófunarkröfur

### 1.2.1 Vöruúrtak

Tafla 1 - Vöruúrtak

| ÖMMUSTÓLAR   | RÓLUR   |
|--|---|
| <p>Fastir eða samanbrjótanlegir ungbarnastólar sem hannaðir eru til að börn geti legið í þeim. Stólarnir eru ætlaðir börnum sem vege allt að 9 kg. og geta ekki setið upprétt.</p> | <p>Rólunum svipar til ömmustóla en hægt er að rugga þeim. Rólurnar eru ætlaðir börnum sem vege allt að 9 kg og geta ekki setið upprétt án aðstoðar.</p> |
|    |    |

### 1.2.2 Prófunarkröfur

Prófunarkröfur földu í sér efnafræðileg og verkleg próf (sbr. kröfur í staðli EN 12790:2009 um ömmustóla, og EN 16232:2013 + A1:2018 um rólur). Raföryggi var ekki tekið með í aðgerðunum.

Auk prófana athuguðu markaðseftirlitsyfirvöldin einnig meðfylgjandi viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar á viðkomandi móðurmálum. Gátlisti með aðalkröfum var undirbúinn af tæknisérfræðingi sem ítarupplýsingar fyrir markaðseftirlitsyfirvöld.



## 2. Úrtak og prófun

### 2.1 Úrtaksdreifing

Úrtak var gert með forvali sem hvert markaðseftirlitsyfirvald gerði, með hliðsjón af sérkennum hvers markaðs.

Hvert markaðseftirlitsyfirvald fékk að velja tíu vörur í heildina. Heildarfjöldi úrtaksvara var aðlagður til að gera ráð fyrir getu og hagsmunum hvers markaðseftirlitsyfirvalds og fáanleika varanna á hverjum markaði. Þetta leiddi til þess að sum markaðseftirlitsyfirvöld völdu fleiri vörur en önnur. Markaðseftirlitsyfirvöldin ákváðu heildarfjölda hvorrar vöru

sem yrði prófaður, jafnframt ákváðu markaðseftirlita sem þau prófaðar vörur í báðum vöruflokkunum eða frá öðrum.

Alls 104 vörur voru prófaðar. Í samráði við markaðseftirlitsyfirvöld var ein vara bæði prófuð sem ömmustóll og sem róla. Alls voru 105 vörur (68 ömmustólar og 37 rólur) prófaðar á prófunarstofu. Á töflunni hér fyrir neðan er að finna fjölda þeirra vara sem markaðseftirlitsyfirvöld ákváðu að prófa.

Tafla 2 - Fjöldi vara sem valdar voru af viðkomandi markaðseftirlitsyfirvöldum

| Land                 | Markaðseftirlitsyfirvald  | Vörur sem valdar voru |           |
|----------------------|---|-----------------------|-----------|
|                      |   | Ömmustólar            | Ruggur    |
| Austurríki           | Sambandsráðuneyti félagsmála, heilsu, umönnunar og neytendaverndar, deild III/A/2 - öryggi vara | 6                     | 1         |
| Belgía               | Ríkisskrifstofa efnahagsmála - Stjórnarsvið gæða og öryggis                                     | 5                     | 5         |
| Búlgaría             | Neytendaverndarnefnd  | 6 <sup>1</sup>        | 5         |
| Danmörk              | Öryggisstofnun Danmerkur  | 15                    | /         |
| Frakkland            | Stjórnarsvið samkeppni, neytendamála og aðgerða gegn svikum tollamála og óbeinna skatta         | /                     | 6         |
| Írland               | Samkeppnis- og neytendaverndarráð   | /                     | 2         |
| Ísland               | Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  | 3                     | /         |
| Ísland               | Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  | 6                     | 2         |
| Króaía               | Ríkiseftirlitið   | 3                     | 3         |
| Kýpur                | Neytendaverndarþjónustan  | 6                     | 2         |
| Litháen              | Neytendaréttindastofnun   | 2                     | 3         |
| Malta                | Samkeppnis- og neytendamálastofnun Möltu  | 3                     | 3         |
| Portúgal             | Stjórnarsvið neytenda   | 8                     | /         |
| Tékkland             | Viðskiptaefirlit Tékklands  | 5                     | 5         |
| <b>Heildarfjöldi</b> |   | <b>68</b>             | <b>37</b> |

Markaðseftirlitsyfirvöld gátu ákveðið hvaðan best væri að fá úrtakið og völdu vörur bæði af netinu og úr hefðbundnum verslunum. Mestur hluti varanna (64%) kom frá hefðbundnum verslunum.


<sup>1</sup> Ein vara frá Búlgaríu var skráð sem róla í kóðunarskrá, en var einnig prófuð sem ömmustóll. Varan kemur því fram í báðum dálkunum.

## 2.2 Prófunarferli

Samkvæmt ítarlegri gagnarannsókn fundust 22 faggiltar rannsóknarstofur innan ESB/EES. Verkefnisteymið undirbjó útbodslýsingar og bauð rannsóknarstofunum að senda inn tilboð. Markaðseftirlitsyfirvöldin fengu í hendur samanburðargreiningu á tækniþæfi og fjárhagslegum tilboðum frá rannsóknarstofunum þremur sem svöruðu útbóði verkefnisteymisins. Markaðseftirlitsyfirvöld völdu þá rannsóknarstofu sem sýndi fram á mestu tæknigæðin, en hún hafði faggildingu og getu til að framkvæma öll umbeðin próf og verðið var hagstætt.

Markaðseftirlitsyfirvöldin höfðu tvo mánuði til að safna úrtakinu saman og senda til prófunarstofunnar. Engin seinkun var á prófunarferlinu og lauk því þann 30. nóvember. Fundur rannsóknarstofunnar var haldinn þann 14. og 15. desember 2021 (fjarfundur<sup>2</sup>).

Mynd 1 - Tímaskráning úrtakstöku og prófunarferlis



<sup>2</sup> Starfsfólk verktakans og fulltrúar markaðseftirlitsyrvaldanna frá Stjórnarsviði réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST) voru á rannsóknarstofunni með teyminu sem sá um hljóð og mynd, en markaðseftirlitsyfirvöld tóku þátt í fundinum í gegnum Zoom.

## 3. Niðurstöður prófana


### 3.1 Yfirlit yfir niðurstöður prófanna og helstu útkomur

Alls 54 vörur af þeim 105 sem prófaðar voru uppfylltu kröfur sem settar voru fram í endanlegum prófunaráætlunum eins og sýnt er á ritinu hér fyrir neðan. Þær 51 vörur sem eftir stóðu höfðu a.m.k. eina kröfu óuppfyllta.

Mynd 2 - Heildarniðurstöður prófa (N=105)



Mynd 3 - Niðurstöður athugana á viðvörnum, merkingum og leiðbeiningum - Ömmustólar og rólur (N=104)



Mun fleiri vörur stóðust ekki tæknilegar prófanir (48%) en í efnafræðilegum prófum (2%). Aðeins tvær rólur uppfylltu ekki kröfur í efnafræðilegum prófum: ein róla uppfyllti ekki kröfur ákvæðis 6.2 um flutning ákveðinna efna og ein róla uppfyllti ekki kröfur ákvæðis 6.3 um formaldehýð.

Markaðseftirlitsyfirvöld framkvæmdu mat á viðvörnum, merkingum og leiðbeiningum á sínu móturmáli: 46% prófaðra vara uppfylltu ekki kröfur. Mikill fjöldi viðvarana og leiðbeininga var annaðhvort ekki á viðeigandi tungumáli, ekki til staðar eða ólæsilegur.






## 3.2 Niðurstöður eftir vörutegund

Hlutfall róla sem stóðust ekki prófin (68%) var hærra en hlutfall ömmustóla (38%). Niðurstöður prófanna eru sýndar á gröfum hér fyrir neðan<sup>3</sup>.

Mynd 4 - Prófurniðurstöður eftir, EN 12790:2009 – Ömmustólar (N=68)



Mynd 5 - Prófurniðurstöður eftir ákvæðum, EN 16232:2013 + A1:2018 – Ruggur (N=37)



<sup>3</sup> Ákvæði sem merkt eru sem „Engin niðurstaða fékkst“ eiga við um niðurstöður prófa sem voru of nálægt mörkum viðkomandi staðals til að ákvarða hvort þær uppfylltu kröfur eður ei.

### 3.3 Niðurstöður eftir sölurásam

Mestur hluti varanna (64%) komu frá hefðbundnum verslunum.

Enginn munur var á niðurstöðum prófana eftir sölurásam: 54% varanna sem keyptar voru á netinu uppfylltu allar kröfur, og 54% þeirra vara sem keyptar voru í hefðbundnum verslunum gerðu það einnig.

### 3.4 Ályktanir út frá niðurstöðum prófunar

Í úrtakinu var bæði borið kennsl á verklegar og efnatengdar hættur. Samt sem áður var efnafræðileg áhætta minni ena verklegar áhætta.

#### Verklegar áhættur

Hvað varðaði ömmustóla tengdist helsta ástæða ósamræmis (16%) ákvæði 5.10 um hallagráðu og hæð sætisins, en næsttíðasta ástæðan tengdist ákvæði 5.16 um það hvort barnið geti runnið úr stólum (10%). Ákvæði 5.10 tengist lífeðlisfræði: ef varan er ekki rétt hönnuð getur barnið hlotið óafturkræfan hryggskaða. Áhættur sem tengjast ákvæði 5.16 tengjast falli úr ömmustól (ef hann er ekki settur á gólf) og meiðslin sem barnið getur hlotið vegna þess.

Hvað varðar rólur tengdist hæsta ósamræmishlutfallið (49%) ákvæði 8.4 um hættur vegna falls barnsins, en þar á eftir ákvæði 8.4.1 um hallagráður (46%) og 8.4.2 um festibúnað (8%). Áhyggjuefnið er að barnið geti runnið út úr ruggunni og meiðst (marblettir og/eða beinbrot). Ef ruggan er sett á borð geta meiðslin orðið alvarlegri, jafnvel banvæn ef barnið er ekki undir eftirliti.


#### Efnafræðilegar áhættur

Efnafræðilegar áhættur komu aðeins fram í 2% prófaðra barnavara og þá aðeins í rólum. Ömmustólar stóðust öll efnafræðileg próf. En það þarf að hafa í huga að staðallinn sem á við um rólur krefst mun ítarlegri efnafræðilegra prófa (þar á meðal prófa á margni formaldehýðs, litarefna, frumarómatískra amína og anilíns) en þess sem krafist er fyrir ömmustóla.

#### Pakkningar, viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar

Nánast helmingur prófaðra vara (46%) uppfyllti ekki kröfur um viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar. Margar vörur höfðu ófullgerðar upplýsingar eða voru ekki á réttu tungumáli, og sumar voru seldar án öryggisleiðbeininga (táknmynd fyrir hættusetninguna „Skiljið barnið aldrei eftir án eftirlits“ vantaði svo dæmi sé nefnt). Leiðbeiningar varðandi öryggi eru mikilvægar til að geta notað vörur á öruggan hátt.

Þess að auki féllu margar vörur (fjórar ruggur og fimm ömmustólar) á prófunarstofunni vegna pakkninga á vörnunni. Ef PVC-pakkningin er nógu stór til að hylja barnshöfuð og nógu þunn til að loða við munn barna og nef, skapast alvarleg hætta á köfnun. Ef pakkningunni fylgja réttar viðvaranir (eins og raunin var með einn ömmustól og eina ruggu), minnkar hættan.




## 4. Hættumat og ráðstafanir

### 4.1 Niðurstöður hættumats

Samkvæmt almennri tilskipun um öryggi vara<sup>4</sup>, þarf vara að vera örugg út allan líftímann við fyrirsjáanlega notkun. Áhættumat á vöru skal byggjast á ákvörðun Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/417<sup>5</sup> (leiðbeiningum Bandalagskerfis um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX)). Til að gera áhættumöt notuðu markaðseftirlitsyfirvöld RAG kerfið til leiðbeiningar um áhættumat<sup>6</sup> sem er undir umsjón Framkvæmdastjórnar ESB.

Á mynd 6 sjást áhættustig (byggt á áhættumati sem markaðseftirlitsyfirvöld sáu um) þeirra vara sem uppfylltu ekki kröfur.




### 4.2 Úrbætur sem gerðar voru fyrir prófaðar vörur

Samkvæmt prófniðurstöðum og því áhættumati sem gert var ákveða markaðseftirlitsyfirvöld hvaða leiðréttingarráðstafana taka skuli til fyrir þær vörur sem ekki uppfylltu löggjöf ESB og/ eða viðeigandi staðla til að sneiða hjá því að hættulegar vörur birtist í innri markað ESB. Á mynd 7 sjást helstu ráðstafanir sem gripið var til.

Þegar alvarleg hætta greinist ber markaðseftirlitsyfirvöldum lagaleg skylda til að senda tilkynningu í öryggisgátt (sbr. grein 12.1 í Almennu gagnaverndarstefnunni<sup>7</sup>). Leiðbeiningar Bandalagskerfis um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX)<sup>8</sup> mæla einnig með því að senda inn tilkynningar um þær ráðstafanir sem gerðar eru hvað varðar vörur sem skapa hættu, þó hún sé ekki alvarleg.

Í kjölfar þeirra aðgerða sem framkvæmdar voru eftir sameiginlega matsverkefnið, var tilkynnt um 9 vörur í tilkynningagátt og 5 tilkynningar eru enn í biðstöðu.



<sup>4</sup> <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32001L0095&from=EN>

<sup>5</sup> <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32019D0417&from=EN>

<sup>6</sup> <https://ec.europa.eu/rag/#/screen/home>

<sup>7</sup> <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX%3A32001L0095>

<sup>8</sup> <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=LEGISUM%3A4390682>

## 5. Niðurstöður og ráðleggingar

### 5.1 Niðurstöður

Í heildina uppfylltu 49% leikfanganna ekki kröfur viðeigandi staðals. Prósentuhlutfall róla sem stóðust ekki prófanir var 68% sem er mun meira en ömmustóla en 38% ömmustóla uppfylltu ekki lágmarkskröfur.

Niðurstöður prófanna benda til að þó svo að lítil fjöldi vara hafi í för með sér efnahættu eru áhættur sem prófanir leiddu í ljós nokkuð alvarlegar, því er þörf á frekari athugunum til að vernda neytendur innan EES-svæðisins og koma í veg fyrir að hættulegar barnavörur séu settar á innri markað EES.

Auk þess uppfyllti nánast helmingur prófaðra vara 49%, ekki kröfur um viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar. Þetta er mikilvægur þáttur áhættustigs vara þar sem foreldrum/ umönnunaraðilum barna eru veittar mikilvægar upplýsingar um samsetningu og rétta notkun varanna.

Markaðsefirlitsyfirvöld gerðu 9 tilkynningar í öryggisgátt sem byggðust á verkefninu (5 tilkynningar eru enn í biðstöðu) og báðu rekstraraðila um að innkalla eða taka vörur af markaði sem talið var að sköpuðu alvarlega, mikla eða meðalmikla áhættu.



## 5.2 Ráðleggingar fyrir hagsmunaaðila

Ráðleggingarnar hér á eftir byggjast á niðurstöðum prófanna og samskipti markaðseftirlitsyfirvaldanna á verkefninu stóð.

### Fyrir neytendur

**Viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar.** Gætið sérstaklega að viðvörðunum og merkingum sem fylgja með vörum. Þær ættu að vera ritaðar á tungumáli söluhlutansins.

**Notkun vara.** Lesið leiðbeiningar vandlega til að tryggja örugga notkun vöru. Eftirfarandi þættir eru mjög mikilvægir þegar ömmustólar eða rólur eru notaðar:

- gætið að því hvernig hægt er að nota belti, axlarólar og festingar á réttan hátt
- skiljið barnið aldrei eftir án eftirlits í ömmustól eða rólu
- látið stólinn eða róluna aldrei upp á upphækkaðan stað (t.d. borð)
- þessar vörur eru ekki ætlaðar til svefnis í langan tíma, svonotið þær ekki í þessum tilgangi.

**Innkallanir og tilkynning öryggisvandamála.** Hugið að því hvar hægt er að finna upplýsingar um innkallaðar vörur og bregðist við ef haft er samband og beðið er um innköllun. Fylgist með Safety Gate tilkynningakerfinu, en þar er að finna upplýsingar um innkallaðar eða vörur sem hafa verið bannaðar. Öll öryggisvandamál sem greinast á ávallt að tilkynna til viðeigandi markaðseftirlitsyfirvalds.

**Förgun þakkinga.** Gætið að plastumbúðum og geymið þær ávallt þar sem börn ná ekki til því þær geta valdið köfnun.

### Fyrir stöðlunarstofnanir

**Efnafræðileg próf.** Allir ömmustólarnir uppfylltu kröfur um efnafræðileg próf, en tvær rólur gerðu það ekki. Samt sem áður hefur staðall EN 16232 + A1:2018 í för með sér mun ítarlegri efnafræðileg próf (og felur í sér próf í leit að formaldehyði, litarefnum, frumarómatiskeum amínum og anilíni) en EN 12790:2009 (fyrir ömmustóla). Endurskoða ætti staðal EN 12790:2009 til að hann feli í sér efnafræðileg próf sem krafist er skv. EN 16232:2013.

**Greinarmunur á ömmustólum og rólum.** Gildandi staðlar skulu fela í sér skilgreiningu til að gera betri greinarmun á vörutegundunum tveimur. Nokkrar vörur sem prófaðar voru í þessu verkefni voru skýrlega merktar og seldar sem rólur þó svo að þær væru framleiddar samkvæmt stöðlum um ömmustóla. Í skilgreiningu sem tekin er fram í EN 12790:2009, er ekki vísað í hreyfingu vörunnar, né að barnið sjálft geti valdið því að hún hreyfist.

### Fyrir evrópsk og yfirvöld

**Hafið umsjón með ömmustólum og rólum.** Ef tekið er tillit til þess að helmingur varanna sem voru prófaðar, uppfyllti a.m.k. ekki einn lið í prófunaráætlunar, þarf að hafa auga með þessum vöruflokki (gera skal próf, athuga viðvaranir, merkingar og leiðbeiningar og hafa samskipti við rekstraraðila).

**Samskipti við Staðlaráð.** Markaðseftirlitsyfirvöld og Framkvæmdastjórn ESB ættu að stofna til samskipta við viðeigandi nefndir evrópskra stöðlunarstofnana til að bæta öryggi þessara vara (og nýta sér einnig niðurstöður prófa sem hvert markaðseftirlitsyfirvald gerir eða þau gera í sameiningu). Hafið auga með nýjum útgáfum viðeigandi staðla. Staðlasamtök Evrópu eru sem stendur að vinna í staðli EN 12790-1:2020, en búist er við birtingu hans á síðari hluta árs 2022.

### Fyrir rekstraraðila

**Gætið að eigin skyldum samkvæmt gildandi löggjöf.**

Gerðið allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja að vörur uppfylli kröfur almennrar tilskipunar um öryggi vara. Staðall EN 12790 um ömmustóla og EN 16232 um rólur veita áreiðanlegar tæknilausnir sem framleiðendur geta fylgt eftir við hönnun og framleiðslu vöru til að sýna fram á samræmi við áskildar lagakröfur. Leiðbeiningarnar sem fylgja með vörum eiga að vera réttar, skýrlega settar fram og þýddar á tungumál söluhlutansins.

**Innkallanir.** Gefið neytendum skýrt til kynna hvernig þeir eigi að skrá vörur sem þeir kaupa til að þeir fái upplýsingar um hugsanlegar innkallanir. Upplýsingar um innkallanir eiga að vera skýrar og aðgengilegar. Gefið ávallt til kynna þær áhættur sem fylgja vörunni. Fylgist reglulega með hvernig innköllunun tókst og aðlagðið innköllunarferli í samræmi við það.



# 1. Hvað er CASP?

Samræmd starfsemi um öryggi vöru (CASP) gerir markaðseftirlitsyfirvöldum aðildarríkja innan Evrópusambandsins (ESB)/Evrópska efnahagssvæðisins (EES) kleift að vinna saman til að efla öryggi vara sem settar eru á innri markað ESB.




**Sértækar aðgerðir sem tengjast tilteknum vörum (PSA)** prófa mismunandi tegundir vara sem gætu stofnað öryggi neytenda í hættu. Vörurnar eru valdar og þeim safnað saman af viðkomandi markaðseftirlitsyfirvöldum og þær eru prófaðar með prófunaráætlun sem var samþykkt í sameiningu.

**Aðgerðir þvert á vöruflokka (HA)** bjóða upp á vettvang fyrir markaðseftirlitsyfirvöld til að skiptast á hugmyndum og bestu starfsháttum. Undir leiðsögn sérfræðings eru þróaðar sameiginlegar nálganir, ferli og verkfæri til markaðseftirlits.




**Blandaðar aðgerðir** greiða fyrir láréttum samræðum og sjá um prófunarherferðir. Niðurstöðurnar eru notaðar til að próa sameiginlega nálgun og aðferðafræði.

CASP 2021 felur í sér fimm tegundir sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum, þrjár hliðstæðar aðgerðir og eina blandaða aðgerð. Viðkomandi markaðseftirlitsyfirvöld gerðu forval á þessum vörum í samráði við Stjórnarsvið réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST).

Sértækar aðgerðir sem tengjast tilteknum vörum (PSAs)



Hliðstæðar aðgerðir (HAs)



## Hlutverk og ábyrgð

### EISMEA

- Samningsyfirvald – hefur umsjón með stjórnsýslutengdum samskiptum við verktaka af hálfu Stjórnarsviðs réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST)
- Hefur eftirlit með og samþykkir allar samningsbundnar afhendingar

### Verktakinn EY/Pracsis

- Hefur umsjón með innleiðingu og skipulagningu aðgerðanna
- Veitir tæknilegan og stöðbyggðan bakgrunn
- Ber ábyrgð á tilkynningu, samskiptum og dreifingu niðurstaðna

### Markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkja ESB/EES


#### Tæknisérfræðingur (einn fyrir hverja aðgerð sem tengist tiltekinni vöru)

- Veitir markaðseftirlitsyfirvöldum tæknilegar ráðleggingar og leiðsögn
- Aðstoðar við drög að úrtaks- og prófunaráætlun og velur hagstæðustu prófunarstofuna
- Greinir niðurstöður og hjálpar til við að meta áhættu og leggur til ráðleggingar

### DG JUST


- Hefur eftirlit með áætlanagerð og framkvæmd CASP-verkefna
- Tryggir forystu í verklegum aðgerðum, stjórnun þeirra og innleiðingu
- Aðstoðar markaðseftirlitsyfirvöld og veitir þeim leiðsögn

## 2. Vinnuáætlun sértækra aðgerða sem tengjast tilteknum vörum



### Samfelld innri samskipti í gegnum Wiki Confluence-verkvanginn

| UPPHAF                            | ÚRTAK OG PRÓFUN                   | TILKYNNING   | YTRI SAMSKIPTI                   |
|-----------------------------------|-----------------------------------|--|----------------------------------|
| Gagnarannsókn                     | Útboðsferli prófunarstofa         | Áhættumat  | Þróun samskipta-verkfæris        |
| Umfang                            | Val og samþykkt á prófunarstofu   | Samræming aðgerða sem markaðseftirlitsyfirvalda                    | Þróun samskipta-skilaboða        |
| Drög að prófunar- og úrtaksáætlun | Úrtak og flutningur               | Drög að lokaskýrslum   | Gangsetning upplýsinga-herferðar |
| Leit að prófunarstofu             | Prófunarferli og prófunarskýrslur | Förgun eða endursending prófunarvara til markaðseftirlitsyfirvalda | Mat á áhrifum                    |



# 3. Verkfæri og ferli

0

## Forferli CASP

Réttinda- og neytendasvið hjá framkvæmdastjórninni (DG JUST) heldur fund til að velja vörflokka. Fimm vörflokkar CASP 2021 voru valdir af markaðseftirlitsyfirvöldum í samráði við Réttinda- og neytendasvið hjá framkvæmdastjórn ESB (DG JUST).

1

## Samþykkt á prófunar- og úrtaksáætlunum

Tæknisérfræðingar leggja drög að áætlunum í samræmi við endurgjöf markaðseftirlitsyfirvalda og þeirri fjárhagsáætlun sem fyrir hendi er. Drögin eru tekin fyrir á upphafsundi og svo aðlöguð og samþykkt af markaðseftirlitsyfirvöldum í gegnum Wiki.

2

## Val á rannsóknarstofu

Starfsfólk verktakans skráir rannsóknarstofur og hefur samband við þær til að safna upplýsingum um verð og öðrum upplýsingum. Útböðsferlið hefst eftir upphafsfundinn og tilboðin metin. Þegar millifundir eiga sér stað velja markaðseftirlitsyfirvöld rannsóknarstofu.

6

## Upphleðsla aðgerðarferla í verkfæri til leiðbeiningar um áhættumat

Aðgerðarferlunum sem þróuð voru í verkefninu var hlaðið upp í verkfæri til leiðbeiningar um áhættumat (RAG).

5

## Áhættumat

Tæknisérfræðingur og markaðseftirlitsyfirvöld þróa aðgerðarferli byggð á þeim vörum sem valdar voru á fundi rannsóknarstofu og meta áhættu þeirra. Markaðseftirlitsyfirvöld gera áhættumót á öllum vörum sem uppfylla ekki lagalegar kröfur.

4

## Próf og afhending prófskýrslna

Prófunarstofan prófar vörurnar samkvæmt samþykktari prófunaráætlun og hleður prófunarskýrslum upp á Wiki. Markaðseftirlitsyfirvöld biðja um og samþykkja skýrslurnar.

3

## Söfnun og flutningur vara

Markaðseftirlitsyfirvöld velja vörur af eigin markaði og skrá þær í kóðunarskrá. Eftir að hafa gert forpróf senda markaðseftirlitsyfirvöld vörurnar til rannsóknarstofunnar.

7

## Ráðstafanir sem markaðseftirlitsyfirvöld gera

Markaðseftirlitsyfirvöld gera viðeigandi ráðstafanir á viðkomandi vörum og tilkynna í Safety Gate.

8

## Ytri samskipti

Ytri samskipti hefjast við lokaatvik. Með henni hefst tveggja til þriggja vikna samevrópsk miðlunarherferð.

## Verkfæri

**Hljóð- og myndskaið** sem send voru til neytenda og almennings voru gerð fyrir hverja sértæka aðgerð sem tengist tiltekinni vöru, blandaða aðgerð og CASP 2021-verkefnið í heild.

**Myndrit** fyrir rekstraraðila voru gerð fyrir CASP 2021-verkefnið, fyrir hverja sértæka aðgerð sem tengist tiltekinni vöru og fyrir blandaða aðgerð.

**Lokaskýrslur** voru gerðar fyrir hverja aðgerð og fyrir CASP 2021-verkefnið. Þær eru þýddar yfir á öll opinber tungumál ESB, en einnig yfir á norsku og íslensku.

## Rásir

Efni er miðlað með:

- [Vefsvæði öryggisgáttar](#)
- [Vefsvæði EC CASP](#)
- [Samfélagsmiðlum réttinda og neytenda hjá framkvæmdastjórninni \(DG JUST\)](#)
- Samskiptarásum markaðseftirlitsvalda hvers lands
- Viðkomandi fjölmiðlum og öðrum hagsmunaaðilum.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Directorate-General for Justice and Consumers

Directorate Consumers

Unit E.4 Product Safety and Rapid Alert System

Email: [JUST-RAPEX@ec.europa.eu](mailto:JUST-RAPEX@ec.europa.eu)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ber ekki ábyrgð á neinum afleiðingum sem stafa af endurnotkun þessarar útgáfu.

© Evrópusambandið, 2022.

Endurnotkunarstefna skjala framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er framkvæmd á grundvelli ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/833/ESB frá 12. desember 2011 um endurnotkun skjala framkvæmdastjórnarinnar (Stjt. ESB L 330, 14.12.2011, bls. 39). Endurnotkun þessa skjals er heimil, nema annað sé tekið fram, samkvæmt Creative Commons Attribution 4.0 (CC-BY 4.0) notendaleyfi (<https://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>). Það þýðir að endurnotkun er leyfð að því gefnu að uppruna sé getið og allar breytingar tilgreindar.

Fyrir notkun eða afritun efnispáttá sem ekki eru í eigu Evrópusambandsins gæti þurft að leita leyfis hjá viðkomandi réttihöfum.

Upplýsingar um Evrópusambandið á öllum opinberum tungumálum ESB er að finna á Evrópuvefnum:

[https://europa.eu/european-union/index\\_en](https://europa.eu/european-union/index_en)



Publications Office  
of the European Union

Lúxemborg Útgáfuskrifstofa Evrópusambandsins, 2022

PDF ISBN 978-92-76-51732-0 doi:10.2838/76240 D5-05-22-110-IS-N